

Skýrsla verkefnisstjórnar í íslensku til stjórnar Lýðveldissjóðs

Verkefnisstjórn í íslensku hefur haldið áfram að vinna að þeim verkefnum sem hún hefur skipulagt. Þau skiptast í þrennt; þrjár viðamiklar handbækur um íslenskt mál, margmiðlunarefni á geisladiski ætlað skólum og almenningi, og kennsluefni handa framhaldsskólum.

Ritstjórar handbókanna þriggja (Guðrún Kvaran, Halldór Ármann Sigurðsson og Kristján Árnason) hafa unnið áfram að verkum sínum. Á árinu hélt verkefnisstjórn nokkra sameiginlega fundi með þeim. Fyrir baknefndarfund sem haldinn var um miðjan október voru ritstjórnarnir beðnir að ganga frá einum stuttum kafla hver, í sem næst endanlegri mynd. Þessir kaflar voru sendir út til baknefndarmanna fyrir fundinn, og síðan ræddir þar ítarlega.

Verkefnisstjórnin óskaði eftir því að baknefndarmenn skiluðu síðan skriflegum athugasemdum við þessa kafla, en skil urðu því miður minni en vænst var. Verkefnisstjórnin hefur síðan samið ítarlegar umsagnir við þessa kafla með hliðsjón af umræðum á baknefndarfundinum og þeim athugasemdum sem bárust.

Verkefnisstjórnin hefur lagt áherslu á það við ritstjórana að í lok þessa árs þurfi nánast fullbúin handrit að liggja fyrir, þannig að unnt verði að nota árið 1999 til að búa bækurnar til útgáfu, gera ýmiss konar skrár, velja myndefni o.s.frv. Ljóst er að mikið verk er enn eftir við allar bækurnar, en þó telur verkefnisstjórnin enn að áætlanir um verkalok eigi að geta staðist.

Mikil vinna hefur verið lögð í margmiðlunarefnið sem gengur undir vinnuheitinu “alfræði íslenskrar tungu”. Þórunn Blöndal hefur verið í fullu starfi sem ritstjóri af hálfu verkefnisstjórnar, og hefur sem fyrr aðstöðu í húsnæði Orðabókar Háskólans. Hún hefur gert áfangaskýrslur um verkið á nokkurra mánaða fresti, og hafa þær verið sendar stjórn Lýðveldissjóðs. Vísast því til þeirra um frekari greinargerð fyrir þessum verkþætti.

Þriðji verkþátturinn sem áformaður var, kennsluefni handa framhaldsskólum, er ekki enn farinn af stað. Eins og fram kom í skýrslu verkefnisstjórnar fyrir ári var ákveðið að hinkra við eftir niðurstöðum úr endurskoðun námskrár sem þá var nýhafin. Forvinnuhópur í íslensku skilaði skýrslu sinni í júní, en síðan hefur verkinu ekkert miðað.

Verkefnisstjórn taldi þó sl. sumar að skýrsla forvinnuhóps væri nógu traustur grundvöllur til að byggja mætti á henni tillögur um kennsluefni. Því var ákveðið að fela hópi fjögurra framhaldsskólakennara að semja ítarlega lýsingu á námsefni handa framhaldsskólum, á grundvelli tillagna forvinnuhópsins og hugmynda sem verkefnisstjórn hafði sett á blað.

Þessi hópur hóf starf í október og var ætlað að skila niðurstöðum í janúar. Þegar til kom taldi hópurinn ekki forsendur fyrir því að gera tillögur um ákveðið kennsluefni á þessu stigi, vegna þess hve margt væri enn óljóst um endanlega gerð námskrár og framtíðarskipan framhaldsskólastigsins.

Að fengnum þessum niðurstöðum ákvað verkefnisstjórn að leita nýrra leiða í þessum verkþætti. Hugmyndir á því sviði eru nú að mótast, og verða lagðar fyrir stjórn Lýðveldissjóðs á næstunni.

Eins og áður er komið fram var haldinn baknefndarfundur í október. Verkefnisstjórnin hefur sem fyrr lagt áherslu á að hafa samráð við sem flesta og kynna störf sín sem best. Í þeim tveimur tölublöðum *Skímu* sem út komu í fyrra var gerð grein fyrir framvindu verkefnanna. Auk þess kom verkefnisstjórnin sér upp heimasíðu á veraldarvefnum. Þar má finna ýmis gögn um viðfangsefni verkefnisstjórnar, m.a. sýnishorn af efni því sem verið er að semja.

Verkefnisstjórnin telur að verkefnum þeim sem hún gengst fyrir hafi miðað talsvert á árinu. Þó er ljóst að nauðsynlegt er að halda vel áfram til að staðið verði við upphaflegar áætlanir, og í kennsluefnisþættinum kann að verða nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á verkáætlun. Verkefnisstjórnin telur þó að í heildina megi sæmilega við una.

Reykjavík, 6. mars 1998

Í nafni verkefnisstjórnar

Eiríkur Rögnvaldsson,
formaður